



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

## Styrkir til gæðaverkefna í heilbrigðisþjónustunni árið 2015

**Heiti verkefnis: Uppbygging þverfaglegar þjónustu við einstaklinga með sykursýki og fótamein á Íslandi.**

*Stofnun:* Landspítali, deild innkirtla- og efnaskiptalækninga.

*Ábyrgðarmaður:* Tómas Þór Ágústsson.

*Stutt lýsing á verkefni:* Mat og meðferð allra fótameina, þó sérstaklega alvarlegri vandamála, krefst þverfaglegar nálgunar og meðferðar. Markmið þessa verkefnis er að ganga úr skugga um að allir einstaklingar með sykursýki á Íslandi fái viðunandi reglubundið mat með tilliti til fótameina, ásamt meðferð og ráðleggingum. Tíðni aflimana og alvarlegra fótavandamála hjá sykursjúkum hefur aukist mikið á undanförunum árum á Íslandi, en fjöldi þessara einstaklinga nýtur ekki enn aðkomu þverfaglegs teymis og því ekki fullnægjandi þjónustu samkvæmt alþjóðlegum viðmiðum. Ítrekað hefur verið sýnt fram á að með slíkri nálgun megi draga úr tíðni aflimana um allt að 80% frá því sem áður var. Það er því nauðsynlegt að slíkri þjónustu sé komið á legg og verkferli í tengslum við starfsemi hennar vel skilgreind og kynnt.

*Styrkur:* 500 þús. kr.

**Heiti verkefnis: Innleiðing þverfaglegs samstarfs í geðheilbrigðisþjónustu Heilbrigðisstofnunar Suðurlands fyrir verðandi eða nýorðnar mæður og fjölskyldur þeirra.**

*Stofnun:* Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

*Ábyrgðarmaður:* Anna Guðríður Gunnarsdóttir.

*Stutt lýsing á verkefni:* Almenn heilsa og félagslegur og tilfinningalegur aðbúnaður kvenna á meðgöngu og á fyrstu mánuðum eftir fæðingu getur haft áhrif á þroska barns. Á Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU) er ekkert formlegt þverfaglegt samstarf né verkferli til að halda utan um verðandi og nýorðnar mæður í vanda og fjölskyldur þeirra. Breyta þarf vinnulagi HSU til að fá betra yfirlit yfir fjölda verðandi og nýorðinna mæðra sem glíma við andlega vanlíðan og þurfa stuðning. Tilgangur og markmið verkefnisins er að auka þverfaglegt samstarf milli fagaðila (hjúkrunarfræðinga/ljósmæðra í mæðravernd, ung- og smábarnavernd, geðhjúkrunarfræðinga, heimilislækna og geðlækna) í málefnum viðkvæmra verðandi og nýorðinna mæðra og fjölskyldna þeirra og þróa verklagsreglur og vinnuleiðbeiningar ásamt gæðavísunum.

*Styrkur:* 500 þús. kr.

**Heiti verkefnis: Rafræn lyfjaumsýsla.**

*Stofnun:* Öldrunarheimili Akureyrar.

*Ábyrgðarmaður:* Halldór Sigurður Guðmundsson.

*Stutt lýsing á verkefni:* Meðhöndlun lyfja lýtur flóknum verkferlum sem hafa að stórum hluta orðið eftir í hugbúnaðarvæðingu heilbrigðiskerfisins og eru því að mestu handvirk og á pappírformi með því óhagræði og villuhættu sem fylgir. Verkefnið hefur það að markmiði að halda áfram að staðfæra og sannreyna gildi hugbúnaðarlausnar fyrir íslenskar heilbrigðisstofnanir. Þróunarverkefnið og næstu áfangar þess gera ráð fyrir enn frekara þverfaglegu samstarfi lyfjafræðinga, hugbúnaðarsérfræðinga, hjúkrunarfræðinga og lækna.

Áhersla er á að skapa tækifæri til ávinnings, uppbyggingar og eflingar á starfsemi öldrunarheimilanna og heilbrigðisþjónustunnar; mælanlegrar hagræðingar sem og annars ávinnings.

*Styrkur:* 500 þús. kr.

**Heiti verkefnis: Þróun þverfaglegs samstarfs á heilsugæslu.**

*Stofnun:* Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (HSS).

*Umsækjandi/ ábyrgðarmaður:* Ingibjörg Salóme Steindórsdóttir/ Þórunn Benediktsdóttir.

*Stutt lýsing á verkefni:* Í langan tíma hefur verið skortur á læknum á HSS, bæði sérfræðingum í heimilislækningum og unglæknum. Því hefur verið erfitt að halda utan um skjólstæðinga heilsugæslunnar, fylgja þeim eftir og sjá til þess að þeir fái örugglega þá þjónustu sem þurfa. Skjólstæðingar eiga einnig erfitt með að fá eftirfylgni hjá sama lækni vegna þessa skipulags. Þróa á teymisvinnu hjúkrunarfræðings og lækna á heilsugæslu HSS í þverfaglegu samstarfi við faghópa innan HSS og utan til þess að halda utan um þjónustu skjólstæðinga heilsugæslu HSS. Haft er að leiðarljósi að þverfaglega samstarfið verði til þess að eftirfylgni með þjónustu skjólstæðinga heilsugæslu HSS sem leita lækniaðstoðar verði markviss og árangursrík.

*Styrkur:* 500 þús. kr.

**Heiti verkefnis: Samræmd fræðsluáætlun um sjúkraskrárkerfi.**

*Stofnun:* Sjúkrahúsið á Akureyri.

*Ábyrgðarmaður:* Erla Björnsdóttir.

*Stutt lýsing á verkefni:* Tilgangur fræðsluáætlunar er að tryggja gæði þjónustunnar sem veitt er, auka öryggi starfsfólks hvað varðar rafræna skráningu og bæta þjónustu við sjúklinga. Við nýjustu útgáfu á rafrænni sjúkraskrá er lögð meiri áhersla á þverfaglegt samstarf innan heilbrigðisþjónustunnar. Lögð er áhersla á að hjúkrunaráætlun sé sett fram með samstarfi, m.a. hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða, félagsráðgjafa og sjúkráþjálfara, að leiðarljósi. Vegna skorts á fræðslu um rafræna sjúkraskrárkerfið nýtist ekki til hlítar það sem kerfið býður upp á. Með markvissri kennslu má gera fagaðilum kleift að skrá í kerfið þannig að skráningin nýtist þverfaglega.

*Styrkur:* 500 þús. kr.

**Heiti verkefnis: Innleiðing á þverfaglegum klínískum leiðbeiningum um greiningu, forvarnir og meðferð við óráði á Landspítala.**

*Stofnun:* Landspítali, flæðisvið.

*Ábyrgðarmaður:* Hlíf Guðmundsdóttir.

*Stutt lýsing á verkefni:* Brátt óráð er algeng innlagnarástæða aldraðra sjúklinga á sjúkrahús auk þess sem aldraðir hafa fleiri áhættuþætti fyrir óráði en yngra fólk. Tilgangur verkefnisins er að bæta þverfaglega meðferð aldraðra sjúklinga með óráð á Landspítala. Innleiða á þverfaglegar klínískar leiðbeiningar um greiningu, forvarnir og meðferð við óráði sem gefnar voru út af Landspítala í mars 2015. Óráð meðal aldraðra er algengt, alvarlegt og flókið vandamál. Með því að bregðast hratt og rétt við má koma í veg fyrir það og bæta batahorfur sjúklinga. Aldraðir og sjúklingar með heilabilun, alvarlega sjúkdóma eða mjaðmabrot eru líklegri til að þróa með sér óráð en aðrir. Algengi óráðs hjá sjúklingum á lyflækningadeildum er 20–30% og 10–50% hjá sjúklingum eftir skurðaðgerðir.

*Styrkur:* 500 þús. kr.

**Heiti verkefnis: Þjálfun leiðbeinenda í hermikennslu.**

*Stofnun:* Landspítali, menntadeild.

*Umsækjandi/ ábyrgðarmaður:* Valdís Anna Garðarsdóttir/ Hrunn Scheving Thorsteinsson.

*Stutt lýsing á verkefni:* Tilgangur verkefnis er að þjálfa þverfaglegan hóp til þess að leiðbeina samstarfsaðilum í teymisvinnu til að auka gæði og öryggi í þeirri þjónustu sem er veitt á Landspítalanum. Í hermipjálfun er hægt að taka fyrir ýmis verkferli eða tilfelli og láta

Þverfaglegan hóp fara í gegnum aðstæður á eins raunverulegan hátt og kostur er. Markmiðið er að Landspítali hafi hóp þjálfara leiðbeinenda sem geta komið að kennslu teymisvinnu.

*Styrkur:* 500 þús. kr.

**Heiti verkefnis: Stuðningur heilsuverndar skólabarna við börn með vægar kvíðaraskanir.**

*Stofnun:* Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins.

*Ábyrgðarmaður:* Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir.

*Stutt lýsing á verkefni:* Mikilvægt er að efla markvissa teymisvinnu í kringum börn með kvíða og aðrar geðraskanir. Hlutverk heilsuverndar skólabarna er að efla heilbrigði og stuðla að vellíðan skólabarna. Tilgangur verkefnisins er að þróa námskeið sem er ætlað að efla færni skólahjúkrunarfræðinga í því að veita stuðning og viðeigandi meðferð við vægum kvíðaröskunum nemenda. Verkefnið stuðlar m.a. að markvissri þátttöku hjúkrunarfræðinga í þverfaglegum teymum heilsugæslunnar og skólasamfélagsins.

*Styrkur:* 500 þús. kr.

**Heiti verkefnis: Snemmtæk íhlutun - Upplýsingaveita og stuðningur þjónustustofnana fyrir foreldra barna með heyrnarskerðingu.**

*Stofnun:* Heyrnar- og talmeinastöð Íslands.

*Ábyrgðarmaður:* Kristján Sverrisson.

*Stutt lýsing á verkefni:* Tilgangur verkefnis er að auka þverfaglegt samstarf, bæta upplýsingagjöf mill stofnana og til notenda þjónustu, samræma aðgerðir þjónustustofnana innan heilbrigðiskerfis, félagslegs kerfis og menntakerfis. Markmið verkefnisins er fyrst og fremst að efla þjónustu við heyrnarskert börn á forskólaaldri og fjölskyldur þeirra. Með teymisvinnu þvert á stofnanir og ráðuneyti verði hægt að auðvelda aðgengi notenda (heyrnarskertra barna og aðstandenda þeirra) að samræmdum upplýsingum og þjónustu. Verkefnið lýtur að mótun samstarfs stofnana um stöður fjölskylduráðgjafa sem veita þverfaglegar upplýsingar og stuðning fyrir börn sem greinast með heyrnarskerðingu/-leysi, fjölskyldur þeirra og umönnunaraðila.

*Styrkur:* 500 þús. kr.

**Heiti verkefnis: Þjónusta heilsugæslu Heilbrigðisstofnunar Norðurlands (HSN): Hvar eru tækifæri til að bæta gæði, auka ánægju og bæta nýtingu fjármagns heilsugæslunnar? Hefur teymisvinna áhrif? Samanburður á þjónustuforum tveggja heilsugæslustöðva Heilbrigðisstofnunar Norðurlands.**

*Stofnun:* Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Fjallabyggð, heilsugæslusvið.

*Umsækjandi/ ábyrgðarmaður:* Elín Arnardóttir/ Guðný Friðriksdóttir.

*Stutt lýsing á verkefni:* Verkefnið snýr að rannsókn á þjónustuforum í heilsugæslu HSN á Húsavík og heilsugæslu HSN á Sauðárkróki. Á Sauðárkróki er þjónustuformið hefðbundið líkt og á mörgum heilsugæslum. Breytingar á þjónustuformi á Húsavík hófust vorið 2011 með mótun og skipulagningu móttöku- og meðferðateyma. Þjónustulíkanið byggist á skýru vinnufyrirkomulagi, skýru ábyrgðar- og starfssviði hvers starfsmanns. Rannsakað verður hvort mæla megi: a) ánægju þjónustuþega með þjónustunálgunina, b) ánægju starfsmanna, c) betri nýtingu mannafla og d) breytingu á útlögðum kostnaði. Einnig hvort mæla megi aukin gæði þjónustunnar með teymisvinnunálgun þeirri sem felst í þjónustunni á Húsavík og hvort yfirfæra megi það á aðrar heilsugæslustöðvar á landsvísu.

*Styrkur:* 500 þús. kr.

**Heiti verkefnis: MedSys.**

*Stofnun:* Heilsugæsla Höfuðborgarsvæðisins.

*Umsækjandi/ ábyrgðarmaður:* Sveinn Rúnar Sigurðsson/ Oddur Steinarsson.

*Stutt lýsing á verkefni:* MedSys er forrit sem hægt er að nota með Sögu. Það gerir læknum kleift að skrá nákvæma heilsufarsskoðun sjúklings mun hraðar en áður með sjálfvirkum hætti. Kerfið er einnig mjög leiðbeinandi fyrir nemendur. Samhliða skráningu sér kerfið um það í

rauntíma að leiðbeina læknum áfram með val á spurningum og getur komið með tillögu að bæði greiningu og meðferð. Kerfið gerir enn fremur læknum sem ekki hafa íslensku sem móðurmál kleift að skrá nákvæma sjúkraskrá á íslensku en geta um leið haft viðmót forritsins á ensku. Rannsókn sem unnin var og lögð fram við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins sýndi 71% tímasparnað við skráningu að meðaltali.

*Styrkur:* 500 þús. kr.

**Heiti verkefnis: Að bera kennsl á einhverfu í ung- og smábarnavernd.**

*Stofnun:* Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

*Umsækjandi/ ábyrgðarmaður:* Sigríður Lóa Jónsdóttir/ Evald Sæmundsen.

*Stutt lýsing á verkefni:* Kerfisbundin skimun fyrir einhverfu hjá ungum börnum

hefur ekki áður farið fram innan heilsugæslunnar hér á landi. Einkenni einhverfu koma í flestum tilfellum fram á fyrstu tveimur aldursárunum og áhyggjur foreldra vakna snemma. Engu að síður sýna rannsóknir að um 50% barna með einhverfu hér á landi fá ekki greiningu fyrir en á grunnskólaaldri og missa þar af leiðandi af sérhæfðri snemmtækri íhlutun á þeim aldri þegar mest árangurs er að vænta. Tilgangur verkefnisins er að skoða hvort fræðsla um einhverfu og notkun sérhæfðs skimunartækis stuðli að því að borin verði kennsl á einkenni einhverfu hjá börnum í ung- og smábarnavernd fyrir en nú er raunin hér á landi. Stýrihópur með fulltrúum frá Þróunarsviði heilsugæslunnar, Þroska- og hegðunarstöð og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins mun þróa verkferli í samstarfi við lykilaðila á þeim heilsugæslustöðvum sem taka þátt í verkefninu og hafa umsjón með framkvæmdinni.

*Styrkur:* 500 þús. kr.